

Mosfellsbær

Þverholt 2  
270 Mosfellsbær

Málsnr.: 2020 02059  
Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

6. FEB. 2020

Málalykill: 19.2

Skipulags- og  
byggingarfulltrúi



ÖLFUS

Porlákshöfn, 31. janúar 2020  
Málsnúmer: 1901016 KP

Hafnarberg 1  
815 Porlákshöfn, Iceland  
+354 480 3800



olfus.is

### Aðalskipulag Ölfuss - Heildarendurskoðun

Á fundi bæjarstjórnar Ölfuss 30. janúar 2020 var lögð fram og samþykkt til kynningar skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022. Í skipulagslýsingunni er m.a. gerð grein fyrir ástæðum endurskoðunar aðalskipulags-áætlunarinnar, helstu áherslum, forsendum, fyrirliggjandi stefnu, samráði, tímaferli, umhverfismati áætlunar og gildistíma.

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er óskað umsagnar ykkar á meðfylgjandi skipulagslýsingu fyrir 17. febrúar 2020.

Virðingarfyllst,

  
Kristinn Pálsson  
verkefnastjóri skipulagsmála  ÖLFUS  
SVEITARFÉLAG






## ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS ÖLFUS

Skipulags- og matslýsing

23.01.2020





## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Hvaða er aðalskipulag	4
1.2	Skipulags- og matslýsing	5
1.3	Aðferðafræði og framsetning gagna	6
1.4	Breytingar á aðalskipulagi	6
2	TILEFNI ENDURSKOÐUNAR	6
2.1	Meginmarkmið gildandi aðalskipulags	7
2.2	Áherslur bæjarstjórnar	7
3	FORSENDUR OG GAGNAÖFLUN	10
4	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	11
4.1	Landsskipulagsstefna	11
4.2	Aðrar stefnur og áætlanir	12
5	MATSLÝSING	14
5.1	Mat á áhrifum og vægi áhrifa	15
5.2	Valkostir	16
5.3	Áhrifaþættir	16
5.4	Umhverfisþættir og áherslur	17
6	SKIPULAGSFERLIÐ	18

## TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1.	Í þéttbýlinu í Þorlákshöfn verður einkum horft til eftirfarandi þátta.	8
TAFLA 2.	Í dreifbýli og helstu byggðarkjörnum sveitarfélagsins verður einkum horft til eftirfarandi þátta.	8
TAFLA 3.	Fjölgun íbúa skv. húsnæðisáætlun (heimild: VSÓ ráðgjöf, 2017).	10
TAFLA 4.	Yfirlit yfir helstu stefnur og áætlanir sem tengsl eru við.	12
TAFLA 5.	Skilgreining á vægi áhrifa.	15
TAFLA 6.	Yfirlit yfir áhrifaþætti.	16
TAFLA 7.	Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar.	17
TAFLA 8.	Drög að tímalínu.	19

# 1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Ölfus. Skipulags- og matslýsingin er unnin í samræmi við gr. 4.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kveðið á um að eftir sveitarstjórnarkosningar skuli sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið<sup>1</sup>. Ákveðið var á fundi bæjarstjórnar Ölfuss 28. júní 2018 að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss. Í gildi er Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfus 2010 – 2022 sem var staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 5. október 2012. Ráðgjafar við skipulagsvinnuna eru EFLA verkfræðistofa.

Endurskoðun aðalskipulags Ölfuss 2020-2032 verður unnið skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Þar er aðalskipulag skilgreint þannig: „*Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu.*„

Hér verður sett fram lýsing á endurskoðun aðalskipulags Ölfuss skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Settar verða fram hvaða áherslur bæjarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, fyrirliggjandi upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og sett verður fram áætlun um fyrirhugað skipulagsferli, kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Einnig verður lögð fram áætlun um umfang og aðferðaræði við vinnslu umhverfisskýrslu.

Á fundi bæjarstjórnar þann 25. september 2018 samþykkti bæjarstjórn að skipa 5 manna vinnuhóp sem annast gerð skipulagsins fyrir hönd bæjarstjórnar. Í hópnum sitja þau Erikur Vignir Pálsson, Björn Kjartansson, Kristín Magnúsdóttir, Jón Páll Kristófersson og Þrúður Sigurðardóttir. Þeim til aðstoðar eru starfsmenni skipulags- og byggingarsviðs Ölfuss, Sigmar B. Árnason og Kristinn Pálsson og ráðgjafar EFLU verkfræðistofu.

## 1.1 Hvaða er aðalskipulag

Sveitarfélag ber ábyrgð á gerð aðal- og deiliskipulags samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Aðalskipulag er fyrir hvert sveitarfélag og nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags, deiliskipulag er nánari útfærsla á aðalskipulagi þar sem m.a. er ákveðið með byggðamynstur, húsagerðir, starfsemi, lóðamörk o.fl.

Aðalskipulag inniheldur stefnu sveitarfélags um landnotkun og þróun sveitarfélagsins. Stefnan skal unnin af sveitarfélaginu í samráði við íbúa hagsmunaaðila, stefnan skal sett fram á skýran hátt. Aðalskipulagi er ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, miðlað málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa og munu búa í sveitarfélaginu og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum<sup>2</sup>. Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem tekur til alls svæðis innan marka sveitarfélagsins. Í því skal koma fram stefna um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu og þjónustukerfi, umhverfismál o.fl. Við gerð aðalskipulags ber að taka mið af landsskipulagsstefnu og

<sup>1</sup> (Alþingi Íslands, 2010)

<sup>2</sup> Sjá gr. 4.1.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

verði vikið frá þeirri stefnu ber að gera rökstudda grein fyrir því. Einnig skal stefna aðalskipulags fara eftir gildandi svæðisskipulagi, þar sem það á við.

## 1.2 Skipulags- og matslýsing

Tilgangur með gerð skipulags- og matslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa bæjarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal bæjarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur bæjarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Samkvæmt gr. 4.2.3. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal gera grein fyrir eftirfarandi í skipulags- og matslýsingu:

- „aðdraganda og tilgangi skipulagsgerðar, áherslum sveitarstjórnar við gerð skipulagsins, helstu viðfangsefnum og meginmarkmiðum skipulagstillögunnar,
- umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu við upphaf skipulagsgerðar, þ.m.t. meginþættir í búsetu og starfsemi, auk helstu takmarkandi þátta svo sem þeirra sem tengjast náttúruvá, verndun og varúð,
- helstu forsendum stefnumörkunar, svo sem byggðarþróun, þ.e. að gera grein fyrir mannfjöldaþróun undanfarinna ára og atvinnumálum og skýra þær breytingar sem orðið hafa. Setja fram framtíðarhorfur um byggðarþróun á svæðinu í samhengi við þróun á landinu öllu,
- áhrifum landsskipulagsstefnu á mótun og forsendur skipulagsins,
- tengslum aðalskipulagstillögunnar við aðra áætlanagerð á svæðinu og aðliggjandi svæðum svo sem svæðisskipulag ef það liggur fyrir, landsskipulagsstefnu, áætlanir um landnotkun á landsvísi, svo sem um samgöngur, orkuvinnslu og landbúnað, skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga, verndar- og orkunýtingaráætlun, verndaráætlanir friðlýstra svæða og aðra stefnumótun sem tengist viðfangsefninu. Lýsa þarf áhrifum þessara áætlana á skipulagsgerðina,
- frekari upplýsingum sem ráðgert er að afla og hvernig þær tengjast stefnumörkun áætlunarinnar og umhverfismati hennar,
- skipulagsferlinu, svo sem helstu verkáföngum og tímasetningu þeirra og hvernig kynningum, samráði og aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila verði háttað,
- hverjir fari með þá málaflokka sem áætlunin taki til og eru umsagnaraðilar og hvenær í vinnuferlinu verði haft samráð við þá,
- hvernig staðið verði að umhverfismati áætlunarinnar, sbr. 4.4. gr. og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þegar það á við.“

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum endurskoðunar aðalskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

### 1.3 Aðferðafræði og framsetning gagna

Beitt verður aðferðum umhverfismats áætlana við greiningu skipulagsvalkosta sbr. 5. kafla. Skipulagsvalkostir verða bornir saman og metnir út frá tilteknum umhverfispáttum og viðmiðum.

Við vinnslu skipulagsins verður tekið mið af þegar samþykktri stefnumörkun sveitarfélagsins og öðrum gildandi áætlunum og stefnum, t.d. á ríkisstigi, sjá kafla 4. Stuðst verður við Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna við umhverfismat og sem leiðarljós í stefnumótuninni.

Nýtt aðalskipulag verður sett fram í greinargerð og á skipulagsuppdráttum; sveitarfélagsuppdrætti, þéttbýlisuppdráttum og skýringaruppdráttum, eins og tilefni er til. Allar teikningar verða unnar á stafrænu formi í landupplýsingakerfi. Framsetning skipulagsgagna verður í samræmi við ákvæði í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Á vinnslustigi skipulagsins verður vefsíða sveitarfélagsins nýtt til samráðs og kynningar auk þess sem haldnir verða kynningarfundir meðan á skipulagsvinnunni stendur, sbr. 6. kafla.

### 1.4 Breytingar á aðalskipulagi

Á gildistíma núverandi aðalskipulags, sem staðfest var í október 2012, hafa verið staðfestar 12 breytingar skv. heimasíðu Skipulagsstofnunar:

- Árbær IV, íbúðarsvæði
- Ingólfshvoll
- Hafnarskeið 65
- Raufarhólshellir, afþreyingar- og ferðamannastaður
- Óseyrartanga, verslunar- og þjónustusvæði V16
- Iðnaðarsvæði í og við Þorlákshöfn
- Axelshús í landi Reykja
- Verslunar- og þjónustusvæði V4, Oddabraut 24, Þorlákshöfn
- Stækkun íbúðarsvæðis Í2, Árbæjarhverfi
- Hafnarsandur, svæði 114
- Hellisheiði – Hverahlíð iðnaðarsvæði
- 66 kv jarðstrengur og ljósleiðari milli Selfoss og Þorlákshafnar

Þær breytingar sem gerðar hafa verið eru flestar í dreifbýlinu og tengjast flestar annað hvort breytingum á iðnaðarsvæðum eða ferðaþjónustu. Nokkrar breytingar eru í ferli og verða þær einnig innleiddar inn í aðalskipulagsvinnuna.

## 2 TILEFNI ENDURSKOÐUNAR

Helstu þættir sem kalla á endurskoðun aðalskipulags, að mati bæjarstjórnar, eru að marka skýrari stefnu um atvinnuuppbyggingu, s.s. í tengslum við ferðaþjónustu, landbúnað og orkunýtingu enda hafa forsendur og eftirspurn eftir atvinnulóðum breyst umtalsvert frá síðustu endurskoðun. Þá þarf að



endurskoða stefnu varðandi frístundabyggð og verndarsvæði. Greina þarf íbúafjölgun og íbúðapörf en íbúum hefur ekki fjölgað um 2,5% á ári líkt og gildandi skipulag gerir ráð fyrir.

Sveitarfélagið Ölfus stendur frammi fyrir álíka áskorunum og önnur sveitarfélög. Ferðaþjónustan hefur aukist og hefur það verið áskorun að finna henni stað og að fylgja eftir núverandi stefnu í gildandi aðalskipulagi. Einnig hefur verið ásókn í búsetu í dreifbýli og eru fjölmargar áskoranir við slíka þróun m.a. innviðaupbygging og spurningar varðandi þjónustu frá sveitarfélaginu.

## 2.1 Meginmarkmið gildandi aðalskipulags

Meginmarkmið í gildandi aðalskipulagi eru að mati bæjarstjórnar skýr og góð viðmið til að þróa stefnuna áfram. Bæjarstjórn leggur áherslu á að samflétta inn í vinnuna aðgerðum m.t.t. loftlagsmála og heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna.

Hér má sjá meginmarkmiðin úr gildandi skipulagi 2010-2022:

*„Meginmarkmið aðalskipulagsins er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf og gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Lögð er áhersla á eftirfarandi markmið:*

- *að sveitafélagið verði áfram eftirsóknarvert til búsetu með því að tryggja fjölbreytt framboð lóða í þéttbýli og dreifbýli.*
- *að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.*
- *að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu lóðaframboði undir fjölbreyttan iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi.*
- *að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda, þ.e. grunnvatns, vindorku, jarðvarma, sjávarfalla, vatnsafls og osmósu virkni.*
- *að leita hagkvæmustu lausna í vegagerð til að stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggða og bættra tenginga við þjónustu og atvinnu.*
- *að stuðla að varðveislu sögu- og náttúruminja og annarra umhverfislegra gæða sem m.a. styrkir búsetuskilyrði og ferðaþjónustu á svæðinu.*
- *að standa vörð um vernd grunnvatns sem auðlindar, bæði sem neysluvatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.*
- *að stuðla að gróðurvernd og að öll landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.*
- *að styrkja svæðið til íþróttar og útivistar m.a. með því að tryggja nægt lóðaframboð til frístundastarfsemi og þjónustu á því sviði.*
- *að tryggja umhverfisvernd viðkvæmra svæða m.a. með bættu skipulagi. „*

## 2.2 Áherslur bæjarstjórnar

Í aðalskipulagi er sett fram stefna bæjarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaðróun, byggðamynstur, umhverfismál, samgöngu- og þjónustukerfi. Nýtt aðalskipulag skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar, samhliða því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

Megináherslur bæjarstjórnar eru:

- að sveitarfélagið verði í stakk búið til að taka við fjölgun íbúa og starfa á sem hagkvæmastan hátt,
- að gert sé ráð fyrir íbúðarsvæðum þar sem staðsetja má mismunandi íbúðargerðir og stærðir og skapa aðlaðandi umgjörð um líf íbúanna,
- að tryggja fjölbreyttar atvinnulóðir fyrir fjölbreytta starfsemi bæði í þéttbýli og dreifbýli,
- að tryggja að auðlindir sveitarfélagsins séu skynsamlega nýttar í þágu íbúanna og að nýtingin sé sjálfbær,
- að tryggja að þau lífsgæði sem felast í umhverfinu skerðist ekki fyrir núlifandi og komandi kynslóðir,
- að taka út og flokka landbúnaðarland.

Skipulagið verður í meginráttum byggt á gildandi aðalskipulagi, auk þess sem tekið verður mið af nýjum lögum, reglugerðum og stefnumiðum stjórnvalda.

**TAFLA 1.** Í þéttbýlinu í Þorlákshöfn verður einkum horft til eftirfarandi þátta.

FLOKKUR	ÁHERSLA
Almennt	Að landnýting, veltengingar og innviðir verði hagkvæmir og skilvirkir
Íbúðarsvæði	Að styrkja byggð í Þorlákshöfn Að auka fjölbreytni í lóðaframboði Að í íbúðahverfum sé hugað að áhrifum af umferð m.a. vegna hávaða o.fl.
Atvinnusvæði	Að efla atvinnulíf og bæta möguleika fjölbreyttrari landnýtingar Að efla miðbæjarsvæði með blöndun byggðar í huga Að endurmeta stærðir á verslunar- og þjónustusvæðum Að stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum m.a. með nýsköpun Að tryggja farsæla sambúð íbúa og atvinnulífs meðal annars m.t.t. umferðar og hávaðar
Ferðaþjónusta	Að fjölga afþreyingarmöguleikum með því að bjóða upp á fjölbreyttar lóðir/svæði Að efla ferðaþjónustu sem atvinnugrein
Samgöngur	Að leita hagkvæmra lausna í samgöngum, m.a. til að tryggja gott aðgengi að hafnarsvæði Að bæta almenningssamgöngur og skoða miðlægt svæði sem þjónað gæti almenningssamgöngum og ferðaþjónustu Að auka umferðaröryggi, vinna umferðaröryggisáætlun samhliða endurskoðun
Minjar	Að stuðla að varðveislu minja

**TAFLA 2.** Í dreifbýli og helstu byggðarkjörnum sveitarfélagsins verður einkum horft til eftirfarandi þátta.

FLOKKUR	ÁHERSLA
Landbúnaðarsvæði	Að vernda beri gott akuryrkjuland og móta stefnu um nýtingu landbúnaðarlands Að marka stefnu um byggingar og fjölbreyttari atvinnusköpun innan landbúnaðarlands Að mæta kröfum á skynsaman hátt um fjölbreyttari búsetu
Íbúðarsvæði	Að efla byggðakjarna sem þegar hafa mótast Að mæta kröfum um fjölbreyttara lóðaframboð Að skilgreina þéttbýlissvæði og möguleika þeirra til framtíðar
Atvinnusvæði	Að efla atvinnulíf í dreifbýli og stuðla að fleiri og fjölbreyttum atvinnutækifærum Að auka möguleika landeigenda til fjölbreyttrar landnýtingar Að tryggja fjölbreytt lóðaframboð fyrir bæði stór og smá fyrirtæki í ýmsum greinum
Ferðaþjónusta	Að fjölga afþreyingarmöguleikum innan sveitarfélagsins Að greina möguleika og tækifæri í dreifbýlinu
Orkunýting	Að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda

FLOKKUR	ÁHERSLA
	Að auka nýtingu í þágu íbúa
Samgöngur	Að auka umferðaröryggi, vinna umferðaröryggisáætlun samhliða endurskoðun Að bæta tengingar innan héraðs, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnusóknar Að auka fjölbreytni samgöngumáta, halda áfram að efla hjóla- og gönguleiðir á milli byggðakjarna
Efnistökusvæði	Að nægt framboð sé af efnistökusvæðum Að öll efnistöku- og efnislosunarsvæði hafi öll tilskilin leyfi
Fjarskipti	Að stuðla að öruggu farsímasambandi, skoða Suðurstrandarveginn og svæði í Þrenslunum Að tryggja íbúum og atvinnulífu öruggar háhraðatengingar í tak við nútímakröfur
Vernd og umhverfi	Að standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi Að stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja Að skoða skilmála í dreifbýli með það í huga að viðhalda m.a. byggðamynstri og ásýnd svæða eins og kostur er Að stuðla að virku samstarf við hagsmunaaðila, s.s. nágrennasveitarfélög
Fornminjar	Að stuðla að varðveislu minja, bæta upplýsingar um þær og gera aðgengilegar

### 3 FORSENDUR OG GAGNAÖFLUN

Í aðalskipulaginu verður gerð grein fyrir staðháttum í sveitarfélaginu og sérstöðu svæða, ásamt því að fjallað verður um forsendur fyrir stefnumörkuninni. Öll umfjöllun verður uppfærð með tilliti til Landskipulagsstefnu og annarra opinberra stefnumiða og breyttu lagaumhverfi. Þeir forsendukaflar sem verða uppfærðir eru eftirtaldir:

**Staðhættir:** grunnvatn og lindarsvæði, veðurfar, gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og landslag og náttúruminjar. Þá verður fjallað um náttúruvá, meðal annars m.t.t. flóða í Ölfusá. Gert er ráð fyrir að þessar forsendur hafi lítið breyst en nýjar upplýsingar gætu hafa komið fram. Einnig verður fjallað um landgræðslu og skógrækt og veiði og farið yfir núverandi nýtingu og áætlanir til framtíðar.

**Minjar:** Lokið verður við aðalskráningu minja í sveitarfélaginu.

**Verndarsvæði og friðlýsingar:** Fjallað verður um svæði á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæði. Þá verður áhersla á verndun byggða s.s. í Selvogi samhliða frekari uppbyggingu og skoðað hvort ástæða sé til að vinna að því að svæði í sveitarfélaginu verði verndarsvæði í byggð skv. lögum þar um. Áform hafa verið auglýst um friðlýsingu Reykjatorfunnar<sup>3</sup>

**Vatnsvernd:** Unnið er að endurskoðun framtíðar vatnsöflunar og vatnsverndar í sveitarfélaginu. Áhersla er á verndun grunnvatns með kortlagningu grunnvatnssvæða, vatnsgæða og frekari útfærslu vatnsverndarsvæða.

**Íbúar, atvinna og byggðapróun:** Fjallað verður um íbúafjölda og mannfjöldaþróun, atvinnumál, opinbera þjónustu og samstarfsverkefni sveitarfélaga. Skoðaðir verða möguleikar tengdir atvinnumálum og íbúapróun. Notaðar verða heimildir frá Hagstofunni um mannfjöldaþróun og m.a. byggt á húsnæðisáætlun sveitarfélagsins. Kannað verður hvaða upplýsingar eru til um atvinnu íbúa í sveitarfélaginu og vinnusóknarsvæði.

Í húsnæðisáætlun sveitarfélagsins kemur fram að í júlí árið 2017 hafi íbúar sveitarfélagsins verið 2.070 íbúa og hefur íbúafjölgun því verið um 1,7 % árlega frá 1998-2017. Húsnæðisáætlunir ná til 4 og 8 ára og er stuðst þar við hefðbundna spá um íbúapróun þ.e.a.s. lág- mið- og háspá. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þá spá í húsnæðisáætluninni. Álíka spá verður gerð fyrir skipulagstímabilið.

**TAFLA 3.** Fjölgun íbúa skv. húsnæðisáætlun (heimild: VSÓ ráðgjöf, 2017).

ÖLFUS	FJÖLGUN 2018-2020	FJÖLGUN 2021-2025
Lágspá	47	40
Miðspá	96	94
Háspá	152	158

**Ferðapjónusta:** Á síðustu árum hefur verið mikil aukning á ferðapjónustutengdri starfsemi í Ölfusi og því verður nú fjallað nánar um ferðapjónustu sem atvinnugrein. Fjallað verður um stöðu ferðapjónustu í sveitarfélaginu s.s. umferð og fjölda ferðamanna sem fara um svæðið, gistingu, samgöngur og aðra aðstöðu innan sveitarfélagsins. Skoðað verður hvað svæðið hefur upp á að bjóða í afþreyingu og annarri aðstöðu. Meðal annars verður unnin greining á helstu auðlindum ferðapjónustunnar og þá möguleika sem eru á þeim sviðum í sveitarfélaginu. Megináhersla verður lögð á að skoða möguleika og

<sup>3</sup> <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/reykjatorfan/>

stöðu ferðapjónustu í byggðahluta sveitarfélagsins og þá einkum til þess að fjölga afþreyingarmöguleikum.

**Landbúnaðarland:** Gert er ráð fyrir að flokka landbúnaðarland, með tilliti til mögulegrar akuryrkju og að sú flokkunverði lögð m. a. til grundvallar skipulagsákvörðunum á landbúnaðarlandi. Einnig verður skoðað hvernig landbúnaður hefur þróast frá síðustu endurskoðun aðalskipulags og verður leitað til Búnaðarsambands Suðurlands eftir upplýsingum. Einnig er áhersla á að endurskoða skilmála fyrir aðra atvinnustarfsemi sem og uppbyggingu íbúðar-/frístundahúsa á landbúnaðarlandi.

**Samgöngur:** Unnið er að umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið og litið verður til samgönguáætlunar. Áfram verður áhersla á göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir innan sveitarfélagsins. Þá er áfram áhersla á uppbyggingu Suðurlandsvegur og aðra stofn- og tengivegi innan sveitarfélags. Höfnin og hafnarsvæðin eru ákaflega mikilvæg fyrir atvinnulíf í Ölfusi og verður nýting þeirra skoðuð og möguleikar til framtíðar.

**Auðlindastefna.** Greint verður hverjar eru auðlindir sveitarfélagsins og hvernig sé hægt að standa vörð um þær og hagsmuni íbúa við nýtingu þeirra í aðalskipulagi.

## 4 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Hér verður greint frá tengslum við aðrar áætlanir og hver eru áhrif landsskipulagsstefnu á mótun og forsendur endurskoðunar aðalskipulagsins. Greint verður frá tengslum aðalskipulagstillögunnar við aðra áætlanagerð á svæðinu og aðliggjandi svæðum svo sem áætlanir um landnotkun á landsvísu t.d. um samgöngur, orkuvinnslu og landbúnað. Einnig verður farið yfir aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga o.fl. eftir því sem tilefni er til.

### 4.1 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Stefnunni er ætlað að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun. Stefnan á einnig að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um þróun byggðar og landnýtingu.

Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð svæðis- og aðalskipulags.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru eftirfarandi leiðarljós lögð til grundvallar auk markmiða skipulagslaga:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.

- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.<sup>4</sup>

Þeir þættir landsskipulagsstefnunnar sem Ölfus þarf að taka mið af er m.a. stefna um skipulag í dreifbýli og búsetumynstur og dreifing byggðar.

Í breyttri landsskipulagsstefnu sem er í vinnslu verður sett fram stefna og leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um hvernig beita megi skipulagsgerð til að stuðla að og tryggja víðtækar og víðeigandi aðgerðir í loftslagsmálum í tengslum við landnýtingu og hið byggða umhverfi. Sett verður fram stefna um skipulagsaðgerðir sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, svo sem með samþættu byggðar- og samgönguskipulagi sem dregur úr ferðapörf, styður fjölbreyttan ferðamáta og tryggir innviði fyrir orkuskipti. Einnig um skipulagsaðgerðir sem miða að bindingu gróðurhúsalofttegunda með verndun og endurheimt votlendis, landgræðslu og skógrækt. Jafnframt verður þar fjallað um skipulagsaðgerðir vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum, svo sem með grænum innviðum, varnarmannvirkjum og útfærslu byggðar með tilliti til hækkunar sjávarborðs.

## 4.2 Aðrar stefnur og áætlanir

Við endurskoðun aðalskipulags verður tekið mið af lögum og reglugerðum, gildandi aðalskipulagi nágrannasveitarfélaga og öðrum stefnumarkandi skjölum stjórnvalda.

**TAFLA 4.** Yfirlit yfir helstu stefnur og áætlanir sem tengsl eru við.

ÁÆTLUN	TENGL VIÐ ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS
Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna	Með þessum markmiðum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Þau eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar: hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu.
Samgönguáætlun 2020-2034 – drög í samráðsgátt Drög að aðgerðaráætlun 2020-2024 í samráðsgátt	Stefna sveitarfélagsins sé í samræmi við stefnu stjórnvalda í samgöngumálum.
Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030	Orkuskipti í vegasamgöngum, átak í kolefnisbindingu, bættri landnotkun, skógrækt, landgræðsla, endurheimt votlendis, kolefnisbinding m.a. í samstarfi við sauðfjárbændur.
Náttúruminjaskrá	Eftirfarandi svæði eru innan Ölfus: Friðland – Herdísarvík Náttúruvætti – Árnahellir í Leitarhrauni Fólkvangur - Reykjanesfólkvangur Önnur svæði: <ul style="list-style-type: none"> <li>• 747 Alviðra og Sog</li> <li>• 751 Varmá og Ölfusforir</li> <li>• 752 Hengilssvæðið</li> <li>• 753 Eldborgir við Lambafell</li> <li>• 754 Eldborgir undir Meitlum</li> <li>• 755 Raufarhólshellir</li> <li>• 756 Fjörumörk</li> <li>• 757 Hafnarnes</li> <li>• 758 Stakkavík og Hlíðarvatn í Selvogi</li> </ul>
Stefnumörkun Íslands um líffræðilegan fjölbreytileika	Stefna sveitarfélagsins sé í samræmi við stefnumörkunina

<sup>4</sup> <https://www.landsskipulag.is/gildandi-stefna/stefnan>

ÁÆTLUN	TENGL VIÐ ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS
Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028	Stefna sveitarfélagsins sé í samræmi við Kerfisáætlun.
Ramsarsamningurinn um votlendi	Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi - Votlendi og önnur svæði inn til lands Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi – Fjörur og grunnsvæði
DMP áætlun fyrir Suðurland	Samræming við starfsmarkmið og aðgerðaráætlun fyrir grunnþjónustu, uppbyggingu, samgöngur og stefnumótun.
Fjarskiptaáætlun 2011-2022	Stjórnvöld leggja fram á fjögurra ára fresti á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð skal stefna fyrir næstu tólf árin. Í fjarskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Skilgreina skal markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Markmiðin skulu stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum.
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd Aðalskipulag Hveragerðis 2017-2029	Að stuðla að verndun villtra fugla Sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2012-2024 (í endurskoðun)	Sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Aðalskipulag Árborgar 2010-2030 (í endurskoðun)	Sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030	Sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2010-2030 (endurskoðun í auglýsingu)	Sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Aðalskipulag Grímsnes og Grafningshrepps 2008-2020 (í endurskoðun)	Sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030	Sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Húsnæðisáætlun Ölfuss	Samræma þarf íbúaspá og nýta greiningu sem unnin hefur verið m.a. um samsetningu húsnæðis og aldurs og tekna innan sveitarfélagsins.
Stefna Sveitarfélagsins Öluss í menningarmálum 2017-2022	Samræma stefnu um menningararf.

## 5 MATSLÝSING

Í þessum kafla er greint frá því hvernig staðið verður að umhverfismati við endurskoðun aðalskipulags Ölfus og helstu áherslum matsvinnunnar.

Endurskoðun aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sökum þess að eftirfarandi þættir eiga við um áætlunina:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum nr. 105/2006.
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000<sup>5</sup>.

Áætlunin, sem er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, er samþykkt af bæjarstjórn Ölfus og markar stefnu um ýmsar framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðaukum 1 og 2 við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Mögulegar framkvæmdir innan sveitarfélagsins sem falla undir þennan flokk eru meðal annars:

- landbúnaður,
- skógrækt,
- stofnbrautir í þéttbýli,
- tengibrautir í þéttbýli,
- efnislosun og efnistaka,
- framkvæmdir innan verndarsvæða.

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð með þátttöku verkefnahóps um endurskoðun aðalskipulags, skipulagsnefnd og bæjarstjórn Ölfus. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum til handa íbúum sveitarfélagsins.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif aðalskipulagsins.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerðinni.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnu miða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Jafnframt verður umhverfismat áætlana nýtt til að móta vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif skipulagstillögunnar. Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi endurskoðunar aðalskipulags Ölfus við aðrar áætlanir, stefnur og alþjóðlega samninga í samræmi við lið a. í

---

<sup>5</sup> Sjá 1. mgr. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.



6 gr. laga um umhverfismat áætlana. Yfirlit yfir helstu áætlanir sem um ræðir er að finna í kafla 4 hér fyrir ofan.

### 5.1 Mat á áhrifum og vægi áhrifa

Bæjarstjórn, skipulagsnefnd og verkefnahópur mun leggja mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar með aðstoð ráðgjafa. Í umhverfismatinu verður byggt á þeim matsspurningum sem lagðar eru fram í töflu 5 um hvern megin umhverfisþátt.

Eftirfarandi einkennum áhrifa verður lýst:

1. **Umfang:** Hversu stórt eða umfangsmikið svæði verður fyrir áhrifum af áætlun og hverjir verða fyrir áhrifum. Er líklegt að áhrif áætlunar gæti yfir sveitarfélagsmörk?
2. **Líkur:** Hverjar eru líkur á áhrifum og hversu varanleg eru þau? eru áhrifin t.d. afturkræf eða óafturkræf, tímabundin eða varanleg?
3. **Sammögnun áhrifa:** Er líklegt að einstakir stefnuþættir skipulagsins geti valdið sammögn-uðum áhrifum á umhverfið.
4. **Áhætta:** Kann áætlunin að auka áhættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið.

Áhrif umhverfismatsins eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnuskjölum sveitarfélagsins, markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum, öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt verður byggt á upplýsingum sem koma fram við kynningu og samráð meðan á undirbúningi skipulagsins stendur.

Skilgreining á vægi umhverfisáhrifa er sett fram til að hægt sé að leggja mat á umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrir séðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Við matið er notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu 5. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, engin eða óveruleg, óviss eða háð útfærslu

**TAFLA 5.** Skilgreining á vægi áhrifa.

VÆGI ÁHRIFA	SKÝRING
Jákvæð áhrif (+)	Stefna áætlunar hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Engin eða óveruleg áhrif (o)	Stefna áætlunar hefur engin eða ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Neikvæð áhrif (-)	Stefnan áætlunar hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óvissa (X)	Ekki er vitað um eðli eða umfang áhrifa á umhverfisþáttinn. Skortur er á upplýsingum, tæknilegir annmarkar og/eða skortur á þekkingu.
Háð útfærslu (?)	Áhrif eru háð útfærslu á síðari stigum skipulags eða framkvæmda, s.s. á deiliskipulagsstigi og/eða framkvæmdastigi.

Ef umhverfisáhrif eru talin verða neikvæð verður kannað hvort unnt sé að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum. Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir henni og hvort að hún sé háð útfærslu á stefnu aðalskipulagsins á síðari stigum, s.s. við gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, eða hvort gera þurfi vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

## 5.2 Valkostir

Í umhverfismatinu verða metin möguleg umhverfisáhrif valkosta er snerta einna helst íbúðarbyggð, atvinnusvæði, landbúnað og samgöngur. Á þessu stigi er ekki hægt að gefa tæmandi yfirlit yfir þá kosti sem metnir verða við áætlanagerðina. Megin áherslur í greiningu á valkostum og sviðsmyndum sem metin eru á þessu stigi verða eftirfarandi:

- þróun íbúðarbyggðar og byggðamynstur í dreif- og þéttbýli,
- framboð atvinnusvæða,
- skipulag samgöngukerfis og
- efnistaka og efnislosun.

Í matinu verða valkostir bornir saman innbyrðis og við óbreytt ástand, þ.e. gildandi skipulag og þá sviðsmynd að ekkert verði aðhafst miðað við núverandi grunnástand. Valkostir verða bornir saman m.t.t. umhverfisviðmiða fyrir hvern og einn umhverfisþátt. Samanburður á valkostum verður settur fram í yfirlitstöflum.

## 5.3 Áhrifaþættir

Hér er farið yfir þá þætti sem eru taldir geta haft í för með sér umhverfisáhrif vegna breyttrar stefnu í endurskoðuðu aðalskipulagi. Auk þeirra þátta sem fjallað er um hér að neðan getur bæst við við vinnslu endurskoðunarinnar.

**TAFLA 6.** Yfirlit yfir áhrifaþætti.

ÁHRIFAÞÆTTIR	LÝSING
Ferðamannastaði	Fjallað verður um ferða þjónustu almennt í sveitarfélaginu. Ferðamannastaðir verða skilgreindir og sett fram stefna í málaflokknum og skilmálar um uppbyggingu innviða. ferðaþjónusta getur haft viðtak áhrif á umhverfi sitt og því mikilvægt að líta á þau í samhengi, s.s. umferð, áhrif á samfélag, ásýnd o.fl.
Vatnsvernd	Gert er ráð fyrir að vatnsverndarsvæðum verði breytt í takt við rannsókn á vatnsauðlind sveitarfélagsins. Skoðuð verða áhrif á aðra nýtingu lands.
Landbúnaðarland	Sett verður stefna um framtíðar nýtingu landbúnaðarlands. landbúnaðarland tekur yfir stór svæði í sveitarfélaginu og nýting þess hefur augljós áhrif á ásýnd og yfirbragð, samfélag og náttúrufer og dýralíf.
Atvinna	Áherslur í uppbyggingu atvinnulóða ýmiskonar geta haft umtalsverð umhverfisáhrif. Möguleg áhrif eru tengd stefnu í atvinnumálum, þ.e. hvers konar fyrirtæki og lóðum stefnt sé að. Skoðuð verða tengsl við núverandi byggð og ásýnd og yfirbragð, fjallað verður um hvort um mengandi starfsemi verður að ræða o.s.frv.
Byggðapróun	Mismunandi kostir þróunar byggðar og þéttbýlis verða skoðaðir. Við mat á áhrifum verður litið til stærðar og staðsetningar byggðar og tengsl við núverandi byggð. Auk þess verður byggðamynstur skoðað s.s. lögun, yfirbragð byggðar, þéttleiki og blöndun.
Samgöngur	Stefna um samgöngur verður skoðuð. Möguleg áhrif eru annarsvegar vegna skipulags umferðarkerfa og svo hinsvegar vegna áherslna í samgöngumátum.

## 5.4 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum af breyttri stefnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

**TAFLA 7.** Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar.

UMHVERFIS-ÞÆTTIR	MATSPURNING
Samfélag	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• íbúafjöldi eða íbúasamsetningu?</li> <li>• gæði byggðar?</li> <li>• gæði þjónustu við íbúa?</li> </ul>
Heilsa og vellíðan	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• umferðaröryggi?</li> <li>• lífgæði s.s. aðgengi að opnum svæðum og náttúru?</li> </ul>
Efnahagur	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• atvinnumöguleika íbúa?</li> <li>• efnisleg verðmæti?</li> </ul>
Dýralíf	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• líffræðilegan fjölbreytileika?</li> <li>• dýrategundir sem njóta sérstakrar verndar?</li> <li>• mikilvæg vistsvæði fugla?</li> <li>• Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra?</li> </ul>
Gróður	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• líffræðilegan fjölbreytileika?</li> <li>• vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar?</li> </ul>
Vatn, sjór og strönd	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• vatnsverndarsvæði?</li> <li>• vötn, ár og læki?</li> <li>• votlendi?</li> <li>• strandsvæði eða grunnsævi?</li> </ul>
Náttúruminjar	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• friðlýst svæði?</li> <li>• önnur svæði sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd?</li> <li>• svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun?</li> <li>• hverfisverndarsvæði?</li> </ul>
Menningarminjar	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• minjar?</li> <li>• friðlýstar minjar?</li> <li>• búsetu- eða menningarlandslag?</li> </ul>
Landslag	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• landslagsheildir sem teljast mikilvægar skv. lögum um náttúruvernd?</li> <li>• yfirbragð byggðar?</li> <li>• Verndarsvæði?</li> </ul>
Loftslag	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• loftgæði?</li> <li>• losun gróðurhúsalofttegunda?</li> </ul>

## 6 SKIPULAGSFERLIÐ

Skipulags- og matslýsing verður auglýst og send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum í upphafi verks. Almenningi og umsagnaraðilum er þar með gefinn kostur á því að koma að sjónarmiðum og ábendingum varðandi efnistöð og vinnslu skipulagsins.

Skipulagslýsingin verður send til umsagnaraðila og þeim gefinn 2 vikna frestur til að koma með ábendingar og/eða athugasemdir við hana. Helstu umsagnaraðilar vegna lýsingarinnar eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Forsætisráðuneytið
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin, vegasvið og siglingasvið
- Kópavogsbær
- Grindavíkurbær
- Garðabær
- Mosfellsbær
- Gríms- og Grafningshreppur
- Sveitarfélagið Árborg
- Hveragerði
- Landgræðsla ríkisins
- Skógræktin
- Fiskistofa
- Veðurstofan
- Landsnet
- Veitufyrirtæki

Samráð verður haft við íbúa og aðra hagsmunaaðila við gerð skipulagsins og gert er ráð fyrir að tillaga að aðalskipulagi og umhverfisskýrsla verði kynnt á almennum íbúafundi áður en bæjarstjórn tekur aðalskipulagið til fyrstu umræðu. Skipulagið verður síðan auglýst í sex vikur og almenningi og umsagnaraðilum gefst tækifæri til að yfirfara skipulagið og senda inn umsagnir og athugasemdir. Umsögnum og athugasemdum verður þá formlega svarað og teknað fyrir áður en nýtt aðalskipulag verður staðfest af bæjarstjórn og Skipulagsstofnun.

TAFLA 8. Drög að tímalínu.

<b>Áfangi I</b>	<b>Forvinna – uppfærsla skipulagsgagna og skipulagslýsing</b>
<b>Október 2019 – febrúar 2020</b>	<p>Gagnasöfnun almennt.</p> <p>Skipulagsforsendur; uppfærðar upplýsingar úr gildandi aðalskipulagsáætlun og unnar sér skýrslur um ferðapjónustu, landbúnaðarland, grunnvatn og auðlindir.</p> <p>Skipulagslýsing sett fram og samþykkt til kynningar. Meginmarkmið/áherslur í endurskoðun aðalskipulags. Lýsing kynnt og auglýst / send til umsagnaraðila.</p> <p>Mögulega íbúafundur; kynning lýsingar, - umræða um áherslur og hugmyndir almennt í sveitarfélaginu. Samráð við hagsmunaaðila.</p>
<b>Áfangi II</b>	<b>Fyrstu drög að stefnumörkun</b>
<b>Janúar 2020 – júní 2020</b>	<p>Skipulagsuppdrættir uppfærðir miðað við gildandi skipulag m/áorðnum breytingum og færðar í stafrænt form (GIS) skv. fyrirmælum skipulagslaga. Vinnuuppdrættir sem byggt verður ofan á. Sveitarfélagsuppdráttur; byggð mkv. 1:50.000, þéttbýlisuppdráttur fyrir Þorlákshöfn í mkv. 1:10.000.</p> <p>Umhverfisskýrsla, - greining/samanburður valkosta, fyrstu drög.</p> <p>Hugmyndavinna, stefnumörkun og tillögugerð.</p> <p>Fyrstu drög skipulagshugmynda.</p>
<b>Áfangi III</b>	<b>Tillaga að stefnumörkun – samþykkt í bæjarstjórn</b>
<b>Júní 2020 – desember 2020</b>	<p>Nánari úrvinnsla og stefnumótun í samráði stýrihóps og hagsmunaaðila.</p> <p>Umhverfisskýrsla kynnt og samþykkt í nefndum og bæjarstjórn.</p> <p>Tillaga kynnt á opnu húsi/íbúafundi.</p> <p>Skipulagstillaga frágengin; uppdrættir og greinargerð. Stefnumörkun sett fram í sérstöku hefti.</p>
<b>Áfangi IV</b>	<b>Kynning og auglýsing tillögu</b>
<b>Desember 2020</b>	<p>Skipulagstillaga kynnt og samþykkt í bæjarstjórn.</p> <p>Athugun Skipulagsstofnunar á skipulagstillögu.</p> <p>Umsagnarferli.</p>
<b>Áfangi V</b>	<b>Afgreiðsla aðalskipulags</b>
<b>Febrúar – apríl 2021</b>	<p>Auglýsing tillögu og frágangur skipulagsgagna eftir auglýsingu.</p> <p>Afgreiðsla skipulagstillögu til Skipulagsstofnunar.</p> <p>Staðfesting aðalskipulags.</p>

